

Nd.

78. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. lög nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, 33. gr., og lög nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandiata frá háskóla Íslands til embætta.

2. Að hann hafi, að loknu fullnaðarprófi, fengist í 3 ár við málfærslustörf annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti.
3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtað til þess að geta fengið embætti hér á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um, að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvænðislega og með samvirkusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.